

Skaftárhreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



Reykjavík 7. desember 2015
UST201511-063/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028.

Í lýsingu kemur fram að áætlaðar breytingar ná til austurhluta Víkur, nánar tiltekið er áætlað að stækka iðnaðarsvæði sunnan Austurvegar (I1 og I2) og skipuleggja nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu norðan Austurvegar. Einnig er áætlað að færa hringtorg til austurs og nýja veglínu þjóðvegur 1 sunnan við verslun og þjónustusvæði sem er merkt V5 í gildandi aðalskipulagi. Ennfremur kemur fram að gert verður ráð fyrir nýjum varnargarði til suðurs, íbúðasvæði stækkuð og skilgreind ný aðveitustöð fyrir Rarik í vesturhluta þorpsins.

Þjóðvegur 1

Í lýsingu kemur fram að hugmyndir eru um að færa Hringveg suður fyrir Víkurskála og hús Ice Wear, og að færa hringtorg austar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í deiliskipulagi hvernig ný veglína sunnan við byggð kemur til með að tengjast núverandi vegakerfi.


Umhverfisstofnun bendir á að í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. kemur fram í lið 10.09 að nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli eru í flokki B.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða vel áhrif framkvæmdarinnar á fjöruna ef Hringvegur verður færður í átt að sjónum.


Umhverfisstofnun tekur undir að ef af færslu á Hringvegi verður, er afar mikilvægt að örugg tengsl fyrir gangandi verði í fjöruna, þar sem hún er mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að uppfæra fráveitu ef með þarf, þegar farið er í skipulagsbreytingar og framkvæmdir.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymistjóri